20.10.2026

Bæjarráð - 2508. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 20. október 2026
og hófst hann kl. 16:15

Fundinn sátu:
Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Ingi Jónsson, Kristinn Gauti Einarsson og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

Bæjarráð fór yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga ársins 2026.

2. Bútasaumsklúbburinn Pjötlurnar - beiðni um styrk - 2609029

Lagt fram erindi frá Bútasaumsklúbbnum Pjötlunum, dags. 3. september 2026, þar sem óskað er eftir styrk til starfsemi félagsins. Klúbburinn starfar á norðanverðum Vestfjörðum og vinnur í sjálfboðavinnu að samfélagsverkefnum, meðal annars fyrir langveik börn og Kvennaathvarfið. Málið lagt fram til umræðu og afgreiðslu.

Bæjarráð hafnar styrkbeiðninni.

3. Ósk um stuðning til Stígamóta 2027. - 2610023

Lagt fram erindi frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við starfsemi samtakanna á árinu 2027. Óskað er eftir að erindið verði tekið til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Málið lagt fram til umræðu og afgreiðslu.

Bæjarráð hafnar beiðni Stígamóta um fjárstuðning fyrir árið 2027 með vísan til skipulagsbreytinga í félagsþjónustu, þar sem framlög til slíkra verkefna verða sameiginleg á vettvangi samstarfssveitarfélaganna.

4. Árbær - nýting og ástand íþróttamiðstöðvar - 2609072

Lagt fram minnisblað Heiðu Bjarkar Guðmundsdóttur, forstöðumanns Árbæjar, dags. 24. september 2026, um nýtingu og ástand íþróttamiðstöðvarinnar. Fræðslumála- og æskulýðsráð vísaði minnisblaðinu til bæjarráðs á fundi sínum 1. október 2026 og lagði

ríka áherslu á að brugðist yrði við leka í íþróttahúsinu og unnið að úrbótum eins fljótt og auðið er. Málið lagt fram til umræðu og afgreiðslu.

Bæjarráð hefur móttekið minnisblað um nýtingu og ástand íþróttamiðstöðvarinnar Árbæjar. Bæjarráð vísar minnisblaðinu til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2027.

5. Viðmið um sjálfbæra þróun sveitarfélaga. - 2610034

Innviðaráðuneytið hefur birt tillögur um viðmið um sjálfbæra þróun sveitarfélaga í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Í tillögunum eru sett fram 30 mælikvarðar og skilgreind viðmið sem gefa til kynna hvort sveitarfélög hafi nauðsynlegar forsendur til að þróast með sjálfbærum hætti til lengri tíma. Vonir standa til að viðmiðin og mælaborðið nýtist sem leiðsögn og tæki fyrir gagnadrifna stefnumótun og ákvarðanatöku fyrir sveitarfélög til langs tíma. Frestur til að senda inn umsögn er til 13.nóvember.

Tillögur að viðmiðum um sjálfbæra þróun sveitarfélaga kynntar og ræddar. Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.

6. Umsagnarbeiðni um endurskoðun laga um sjávarflóðavarnir, ofanflóðavarnir og náttúruvá - 88. mál - 2610037

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 13. október 2026, þar sem óskað er umsagnar um 88. mál, tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um sjávarflóðavarnir, ofanflóðavarnir og náttúruvá. Umsagnarfrestur er til og með 27. október 2026. Málið lagt fram til umræðu og afgreiðslu.

Erindi kynnt.

7. Umsagnarbeiðni um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn - 59. mál - 2610036

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 13. október 2026, þar sem óskað er umsagnar um 59. mál, frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Umsagnarfrestur er til og með 27. október 2026. Málið lagt fram til umræðu og afgreiðslu.

Erindi kynnt.

8. Umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um Byggðastofnun - 156. mál - 2610028

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. október 2026, þar sem óskað er umsagnar um 156. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999 (lagfæringar). Umsagnarfrestur er til og með 22. október 2026. Málið lagt fram til umræðu og afgreiðslu.

Erindi kynnt.

9. Fundagerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026. - 2602001

Lögð fram til kynningar fundargerð 1003. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 23. september 2026.

Fundargerð kynnt.

BOLUNGARVÍK

20.10.2026

10. Fundargerðir 157. og 158. fundar heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis - 2606048

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 157. og 158. fundar heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis.

Fundargerðirnar kynntar. Bæjarráð leggur áherslu á að tryggja samfellda þjónustu við yfirfærslu verkefna til ríkisins og að starfsfólk fái sem fyrst skýrar og skriflegar upplýsingar um framtíðarstörf sín og réttindastöðu. Jafnframt verði fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélaganna vegna breytinganna skýrðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:41